

Skipulagsstofnun  
b.t. Jóns Þóris Þorvaldssonar  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Akureyri, 8. janúar 2021  
UST202012-029/Í.M.J.  
08.15

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsskyldufyrirspurn – hreinsistöð fráveituvatns í Grindavík**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst þann 3. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um það hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

#### **Framkvæmdarlýsing**

Grindavíkurbær áformar að reisa hreinsistöð fyrir fráveituvatn á Hópsnesi á iðnaðarsvæði við höfn bæjarins. Fram kemur í tilkynningarskýrslu að stöðin verði búin þremur dælum sem hver um sig afkastar 150 l/s og gert ráð fyrir að tvær dælur verði að jafnaði í notkun. Frárennslisvatni er veitt í gegnum grjótfang og þrepasíur áður en því er veitt í útráslögn. Áformað er að útráðslögn verði um 1.350 metra löng og verður útrásin á 10 metra dýpi um 300 metra út frá strönd Hópsness. Fram kemur að við hönnun stöðvarinnar verði gert mögulegt að stækka stöðina verði kröfur um hreinsun fráveitu auknar. Fastur úrgangur sem safnast úr þrepasíum fer í gegnum þvottapressu og gert er ráð fyrir að honum verði safnað og fargað á viðurkenndan hátt.

Í gildandi aðalskipulagi Grindavíkurbæjar er gert ráð fyrir að hreinsistöð fráveitu verði staðsett annaðhvort við Fornuvör eða á Hópsnesi, sunnar á nesinu en gert er ráð fyrir í tilkynningarskýrslu. Ný staðsetning er nær öðrum mannvirkjum á svæðinu en er á skilgreindu hafnar­svæði í gildandi aðalskipulagi. Fram kemur í tilkynningarskýrslu að ekki er gert ráð fyrir hreinsistöð fráveitu á lóðinni í gildandi deiliskipulagi.

#### **Mat á umhverfisáhrifum**

Niðurstaða tilkynningarskýrslu er að ólíklegt sé að framkvæmd valdi verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum og að framkvæmdin muni líklega hafa jákvæð áhrif á ástand viðtaka og landnotkun þar sem óhreinsuðu skólpi verði ekki lengur veitt til sjávar. Umhverfisstofnun telur framkvæmdina ekki líklega til að hafa umtalsverð neikvæð áhrif á þá matsþætti sem stofnunin tekur afstöðu til en gerir eftirfarandi athugasemdir og ábendingar.

### Losun í viðtaka

Umhverfisstofnun minnir á lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og bendir á að hreinsað fráveituvatn frá stöðinni verður losað í strandsjávarvatnshlot sem hefur vatnshlotanúmerið 104-1383-C og nefnist Þorlákshöfn að Höfnum. Samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Ef vatnshlot samræmast ekki umhverfismarkmiðum þá skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun bendir á ekki er gerð krafa um að viðtaki sé skilgreindur síður viðkvæmur þar sem losun fráveituvatns er undir 10.000 persónueiningum (pe.) en fram kemur í tilkynningarskýrslu að losun frá þéttbýli Grindavíkur var 9831 pe. árið 2018. Stofnunin tekur fram að viðtakinn við Grindavík hefur ekki verið formlega skilgreindur síður viðkvæmur, líkt og haldið er fram í tilkynningarskýrslu, en ekki mun vera þörf á því nema losun skólps fari yfir stærðarmörkin 10.000 pe. Samkvæmt 24. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, þarf hreinsun fráveituvatns undir 10.000 pe. að uppfylla skilyrði um viðunandi hreinsun en í því felst, skv. gr. 3.14 í reglugerðarinnar, að hreinsa skólp með viðurkenndum hreinsibúnaði svo að gæðamarkmiðum viðtaka sé náð. Að mati Umhverfisstofnunar er líklegt að sú hreinsun sem lýst er í tilkynningarskýrslu muni uppfylla þau markmið og muni flokkast sem eins þreps hreinsun án þess að markmiðum um hreinsun lífræns efnis sé náð (lækkun á BOD<sub>5</sub> og svifögnum).

Umhverfisstofnun bendir á að ef útrásarlögn liggur neðar en stórstraumsfjörumál er framkvæmdaraðila skylt að fá samþykki stofnunarinnar fyrir lagningu hennar. Samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 600/2018 um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjavarleiðslna er óheimilt er að reka, eiga eða leggja sæstreng eða neðansjavarleiðslu frá stórstraumsfjörumáli án þess að hafa áður fengið til þess m.a. samþykki Umhverfisstofnunar, sbr. lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Í 5. gr. reglugerðarinnar eru tilgreindar þær upplýsingar sem skulu fylgja með umsókn um lagningu neðansjavarleiðslu.

### Vernd

Fram kemur í tilkynningarskýrslu að engin verndarsvæði séu við hreinsistöðina m.t.t. náttúruinjasrár, hverfisverndar eða 61. gr. laga um náttúruvernd. Að mati Umhverfisstofnunar hefði einnig þurft að meta áhrif lagningar útrásarlagnar á svæði sem njóta verndar. Stofnunin bendir á að Hópsnes, sem útrásarlögnin mun liggja eftir, nýtur hverfisverndar skv. aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2018-2032 sem tók gildi í desember sl. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að framkvæmdin rýrir ekki verndargildi hverfisverndarsvæðisins.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að á Hópsnesi er nútímahraun sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Samkvæmt 3. mgr. greinarinnar ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Umhverfisstofnun bendir á að fjaran við Hópsnes er þangfjara, m.a. klóþangs- og bólþangs-fjara, sem getur haft hátt eða mjög hátt verndargildi skv. fjöruvistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands. Umhverfisstofnun telur ekki nægilega umfjöllun í tilkynningarskýrslu um áhrif lagningar útrásarlagnar á hraunið og fjöruna og telur að fjalla hefði þurft í tilkynningarskýrslu um valkosti í lagningu útrásarlagnar auk rökstuðnings um ákvörðun á lagningarleið og aðferðum lagningar. Umhverfisstofnun telur þó valin

framkvæmdarkost tilkynningarskýrslu, þ.e. að leggja útrásarlögnina eftir vegi og bora fyrir lögninni þar sem farið er um hraun og fjöru, vera þess eðlis að raski sé haldið í lágmarki, að því gefnu að borun lagnarinnar valdi ekki raski á yfirborði hrauns og fjöru. Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í tilkynningarskýrslu um að uppsetning hreinsistöðvar komi til með að hafa jákvæð áhrif þar sem dregið verður úr álagi á viðtakann frá núverandi ástandi.

### **Niðurstaða**

Með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Þó telur Umhverfisstofnun skorta umfjöllun í tilkynningarskýrslu um áhrif lagningar útrásarlagnar á hraun og fjöru á Hópsnesi.

Umhverfisstofnun telur uppsetningu hreinsistöðvar fráveitu til þess fallna að draga úr neikvæðum áhrifum fráveituvatns á viðtakann með aukinni hreinsun þess. Stofnunin telur jákvætt að sveitarfélagið sé að hefja vinnu við hreinsun fráveituvatns frá þéttbýlinu og að gert sé ráð fyrir möguleika á aukinni hreinsun í framtíðinni.

Virðingarfyllst

Ísak Már Jóhannesson  
sérfræðingur

Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur